

Kassanr.	Tímabil	Efni
G-35 /1	1828-1851	Privat-Dag-Journal, þ.e. kladdi með reikningshaldi um fjárreiður Thyrrerups og dóttur hans Gertrud Thorarensen og manns hennar, Magnúsar Thorarensen á Stóra-Eyjarlandi, ennfremur viðvíkjandi húseign Thyrrerups nr. 14 í Nyhavn, Danmörku. Ársetningar 1828-51.
G-35 /2	-	Grafskrift Chr. K. Thyrrerups, prentuð.
G-35 /3	1862-1862	Útskrift úr skiptabók Eyjafjarðarsýslu, uppskrift á dánarbúi Önnu Mettu Thyrrerup, dags. 18. mars 1862.
G-35 /4	1884-1884	Reikningar um útafarakostnað J.G. Havsteens og skrá um eignir og útistandandi skuldir, hvort tveggja frá árinu 1884, með hendi J.V. Havsteen og eignaskráin undirrituð af honum.
G-35 /5	1880-1880	Kaupbréf fyrir þilskipinu Svaninum, útgefið á Oddeyri 2. október 1880, undirskrifað af seljendum, J.V. Havsteen og Eggert Laxdal, og kaupanda Jóni Sveinbjarnarsyni.
G-35 /6	1867-1867	Samningur um úrsmíðanám Valdemars Frederiks Havsteens hjá borgara og úrsmíð Carl Matthæi í Kaupmannahöfn, undirskrifað af honum og C. TH. Havsteen fyrir hönd J.G. Havsteen, föður lærlingsins. Dags. í Höfn 7. janúar 1867.
G-35 /7	1818-1818	Athugasemdir við reikning Thyrrerups yfir rekstur Eyjafjarðarverzlunar 1816, undirskrifað 18. mars 1818 af J.L. Busch, ennfremur skýringar frá Thyrrerup dags. Öefjord 12. ágúst 1818.
G-35 /8	1879-1880	Erindismiðar til Faktor Havsteen, beiðni um bráðabirgðalán, frá H. Schiöth Akureyri og Jóni Austmann í Saurbæ, resp. 1880 og 1879.
G-35 /9	1844-1848	Landskuldabók. Reikningshald um landskuldir og leigur af: Stóra-Dunhaga, Dunhagakoti, Digurstungu, Brakanda, Skjaldarvík ytri og Skjaldarvík syðri. Ársetningar 1844-48.
G-35 /10	1878-1878	Afsal fyrir 1/6 af þilskipinu Svanurinn, undirskrifað af seljanda, Oddi Jónssyni og kaupanda, J.V. Havsteen, dags. Oddeyri 6. mars 1878.
G-35 /11	1878-1878	Skuldarviðurkenning J.V. Havsteen til Sigurðar Sveinssonar Öngulsstöðum fyrir 300 kr. láni, dags. 1. júlí 1878.
G-35 /12	1881-1881	Skuldbinding J.V. Havsteen um að greiða kr. 500.00 fyrir Hr. Chr. Havsteen, Raufarhöfn, útgefið Oddeyri 9. júní 1881.
G-35 /13	1881-1881	Viðurkenning Jóns Bergssonar Auðnum fyrir skuld við Gránufélagsverzlun og skuldbinding um greiðslu, dags. 20. janúar 1881.
G-35 /14	1878-1878	Afsal Jóns Chr. Stephánssonar timburmeistara fyrir 1/6 í þilskipinu Svaninum til J.V. Havsteen, dags. 6. mars 1878.
G-35 /15	1873-1873	Skuldbinding um lífeyrisgreiðslu, líftryggingu, til erfingja J.G. Havsteens eftir dauða hans, útgefin á Akureyri 29. apríl 1873, undirskrifuð af B. Steinke.
G-35 /16	1882-1882	Skuldbinding um greiðslu á flutningsgjaldi af húsaviði, útgefin í Christiansand 5. ágúst 1882, undirskrifuð af G. Joknsen
G-35 /17	1882-1882	Viðurkenning Chr. Birkholm, skipstjóra á skipinu Najada á því að hafa veitt viðtöku kosti og vörum frá J.V. Havsteen, 616,69 kr., upp í flutningskostnað. Útgefin á Oddeyri 13. september 1882.
G-35 /18	1879-1879	Lánsbeiðni frá Þ. Þorsteinssyni Ytrahvarfi, dags. 30 desember 1879.
G-35 /19	1881-1881	Lánsbeiðni til faktors Havsteen, dags. Akureyri 17. febrúar 1881. Undirskrifuð af A. Urban.

Kassanr.	Tímabil	Efni
G-35 /20	1840-1851	Reikningar frá J. Gudmann, Höfn, um húseign Thyrrstrups þar og tekjur og gjöld af henni. Ársetningar 1840-51.
G-35 /21	-	Teikning af steypujárnströppum við Möðruvallakirkju, sem byggð var þar eftir brunann 1865.
G-35 /22	1821-1821	Reikningur um flutningsgjald af íslenskum vörum 1821, undirskrifaður pr.pr. J. Busch S. Veiwadt?
G-35 /23	1834-1834	Búsuppskrift Chr. K. Thyrrstrups við dauða konu hans 1834, undirskrifuð af Thyrrstrup og S. Schulesen.
G-35 /24	1850-1850	Bréf frá J. Gudmann til J.G. Havsteen, dags. í Höfn 1850, verðskrá um egg og hami íslenskra fugla.
G-35 /25	1843-1843	Faktorsbréf Thyrrstrups, þ.e. umboðsbréf til verslunarreksturs á Akureyri fyrir hönd J. Gudmanns, útgefið af honum á Akureyri 3. ágúst 1843 og staðfest af settum sýslumanni, Jóni Péturssyni.
G-35 /26	1852-1853	Bréf til Thyrrstrups, dags. í Höfn 21. desember 1852, undirskrifað F. Gudmann.
G-35 /27	-	Útskrift úr dómabók við "den Kongelige landsover samt Hof og Statsret i Kjöbenhavn" um dómsmál vegna húseignar Thyrrstrups nr. 14 í Nyhavn, undirskrifað Thott.